

# Varnir gegn smiti lyfjapölinna stafýlókokkabaktería milli manna og dýra á íslenskum svínabúum

---

## Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Inngangur .....	4
Stafýlókokkar og mósar .....	5
Markmið leiðbeininganna .....	5
Smitgát sem ávallt skal viðhöfð.....	5
Mikilvægar varúðarreglur.....	6
Húsnæði og umhverfi .....	6
Fordyri og notkun þess .....	7
Leiðbeiningar fyrir starfsmenn .....	8
Áður en farið er inn á svínabúið .....	8
Þegar farið er út af svínabúinu .....	8
Þvottur og hreinsun svínabús og búnaðar .....	8
Starfsmenn og ráðgjafar frá útlöndum .....	9
Ráðleggingar um sýnatökur.....	9
Sýnataka.....	9
Sýnataka á búi þar sem mósi greinist .....	9
Sýnataka og eftirfylgni einstaklinga sem greinast með búfjártengdan mósa .....	10
Ef óskað er eftir að skimað sé fyrir mósa á svínabúi .....	10
Lög og reglugerðir .....	10
Nánari upplýsingar um mósa .....	10
Heimildir .....	11


## Formáli


Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur bent á að vaxandi sýklalyfjapol (ónæmi) baktería sé ein helsta ógn lýðheilsu í heiminum. Fréttir af sýklalyfjapolnum bakteríum í matvælum erlendis eru sífelld að verða algengari. Sem dæmi um slíkt er bakterían *Stafýlókoccus aureus* sem er eðlilegur hluti bakteríugróðurs á húð hjá stórum hluta heilbrigðra manna en langt er síðan ýmsir stofnar hennar voru orðnir sýklalyfjapolnir. Sumir þeirra stofna tengjast nú búfé víða erlendis og valda vandamálum, einkum í svínarækt en einnig í nautgripa- og alifuglarækt. Norræna ráðherraráðið stofnaði vinnuhóp árið 2013 til að ræða mögulegar aðgerðir gegn útbreiðslu sýklalyfjapolinna baktería, þ. á m. með dýrum og dýraafurðum. Rannsóknir sem hafa verið kynntar á fundum vinnuhópsins benda til að ástand sýklalyfjapolinna stafýlókokka í matvælum, sem framleidd eru á Norðurlöndum, sé tiltölulega gott miðað við önnur lönd, nema í Danmörku þar sem sýklalyfjapolnir mósar (methicillin ónæmir stafýlókokkar) eru útbreiddir á svínabúum. Hins vegar virðist sama þróun banka á dyrnar í Svíþjóð og Noregi og þá er Ísland skammt undan.

Til að veita íslenskum svínabúum leiðbeiningar um aðgerðir sem hægt er að grípa til strax til að vinna gegn útbreiðslu þessara þolnu baktería ákvað Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS) að gefa út leiðbeiningar um forvarnir í íslenskum svínabúum. Markmiðið er að draga úr líkum á því að lyfjapolnir stafýlókokkar nái útbreiðslu á svínabúum hérlendis og geti þaðan breiðst í menn og inn á sjúkrastofnanir. Samstarfsnefndin er skipuð fulltrúum sóttvarnalækis (SVL), Matvælastofnunar (MAST), Umhverfisstofnunar (UST) og Geislavarna ríkisins (GR) en verkefnum nefndarinnar og skipan er lýst í 11. gr. [Sóttvarnalaga nr. 19/1997](#). SSUS skipaði vinnuhóp til að skrifa leiðbeiningarnar. Vinnuhópin skipuðu þær Vigdís Tryggvadóttir og Sonja Hrund Steinarsdóttir, báðar dýralæknar hjá Matvælastofnun og Ása St. Atladóttir verkefnisstjóri sýkingavarna og Guðrún Sigmundsdóttir yfirlæknir smitsjúkdóma-vöktunar, báðar hjá sóttvarnalækni. Leiðbeiningarnar eru ætlaðar svínabændum og starfsfólki svínabúa, dýralæknum, ráðgjöfum og öðrum gestum svínabúa.

Leiðbeiningarnar verða vistaðar á vefsíðu Embættis landlæknis, [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is) og vefsíðu Matvælastofnunar, [www.mast.is](http://www.mast.is)

Reykjavík, 12. apríl 2016

  
Þórolfur Guðnason  
Sóttvarnalæknir

  
Jón Gíslason, forstjóri  
Matvælastofnunar

## Inngangur

Á undangengnum áratugum hefur sú þróun orðið í heiminum að ýmsir algengir sýklar eru orðnir þólnari gegn sumum sýkladrepani lyfjum. Almennt er álitid að það stafi ekki hvað síst af mikilli notkun sýklalyfja. Einna fyrst varð vart lyfjapols í algengri húðbakteríu, Stafýlókoccus aureus, því strax á sjötta og sjöunda tug síðustu aldar komu fram stofnar bakteríunnar sem þoldu lyfin (*penicillin* og *methicillin*) sem áður dugðu gegn henni. Þetta var hröð þróun því *penicillin* og *methicillin* höfðu ekki verið nema 10–15 ár á markaði þegar þessir ónæmu stofnar gerðu vart við sig. Þeir eru kallaðir mósar á Íslandi (*methicillin* ónæmir stafýlókokkar) en á ensku MRSA (*methicillin resistant Staphylococcus aureus*). Fljótt kom í ljós að mósar geta valdið alvarlegum sýkingum hjá veiku og lasburða fólki sem erfitt er að meðhöndla með hefðbundnum sýklalyfjum og hafa þeir einkum verið vandamál inni á heilbrigðisstofnunum. Slíkir mósar hafa á enskri tungu verið kenndir við smit í tengslum við heilbrigðisþjónustu og kallaðir „*Health care associated MRSA*“ (HA-MRSA). Þjóðir heims hafa gengið mislangt í varnaraðgerðum til að stemma stigu við útbreiðslu mósa innan sinna heilbrigðisstofnana en Hollendingar og Norðurlöndin, þ. á m. Ísland, gengu hvað lengst og náðu góðum árangri í að halda fjölda mósa í lágmarki. Það hefur verið gert með skimun fyrir bakteríunni hjá starfsfólki og sjúklingum sem hafa dvalist í erlendum heilbrigðisstofnunum undangengna 6 mánuði og upprætingu bakteríunnar þar sem það hefur átt við.

Undanfarinn áratug hafa ný afbrigði bakteríunnar verið að koma fram, t.d. mósar sem greinast hjá ungu hraustu fólki úti í þjóðfélaginu sem eru án tengsla við heilbrigðiskerfið. Þeir hafa verið kallaðir samfélags-mósar (*community associated*). Erlendis hafa verið að greinast stofnar sem tengjast búfánaði, kallaðir „*life stock associated MRSA*“ á ensku. Þeir eru orðnir útbreiddir víða um lönd og tengjast einkum svínarækt en einnig nautgripa- og alifuglarækt. Það er einkum ákveðinn stofn mósa, stofngerð 398, sem var fyrst lýst árið 2005, sem breiðst hefur út í Evrópu meðal búfánaðar, einkum í stórum svínakjötsframleiðslustöðvum og hefur borist frá búunum út í samfélögin með dýraafurðunum og sýkluðum starfsmönnum. Í ýmsum löndum, t.d. Danmörku, Þýskalandi, Hollandi, Frakklandi, Ítalíu, Bandaríkjunum, N-Afríku, Ástralíu og í Asíu virðist þessi stofn svo útbreiddur í svínabúum að almennt er talið að ekki sé hægt að útrýma honum og aðgerðir beinast því að lágmarka smit til manna. Vorið 2013 greindist bakterían á nokkrum svínabúum í Noregi og í kjölfarið ákváðu þarlend yfirvöld að grípa til sérstakra aðgerða m.a. með því að slátra öllum dýrum á sýktu búunum, sótthreinsa búin og setja strangar vinnureglur um hreinlæti og varúð gegn mósa á öllum svínabúum. Þetta var gert í þeirri von að hægt væri að sporna gegn útbreiðslu búfjártengds mósa og freista þess að losna við bakteríuna úr svínabúunum og eru aðgerðirnar taldar hafa skilað árangri.

Árið 2014 stóð MAST fyrir skimun fyrir mósam í svínum á Íslandi. Tekin voru 52 stroksýni úr nefholi á sláturgrísam frá 13 svínabúum en þau reyndust öll vera neikvæð. Reynsla nágrannþjóða okkar sýnir að ástandið getur breyst fljótt ef ekkert er að gert. Þess vegna er mikilvægt að allir hlutaðeigendur vinni saman að því að sporna gegn dreifingu mósa í íslenskt svínakjöt. Einn liður í því er að auka hreinlæti og efla smitvarnir á svínabúum. Aukið hreinlæti og öguð vinnubrögð geta komið í veg fyrir að þeir sem vinna með dýrin, svínabændur, starfsfólk á búunum, dýralæknar og aðrir sérfræðingar, sýklist eða sýkist af mósa og geti þannig borið smit á milli svínabúa og annarra dýra og út í þjóðfélagið.

Í þessum leiðbeiningum verður fjallað um stafýlókokka og búfjártengdan mósa og ráðlagðar aðgerðir til að fyrirbyggja að hann nái að dreifast á íslenskum svínabúum.

## Stafýlókokkar og mósar

Stafýlókokkar eru til af mörgum gerðum og eru mjög algengar bakteríur bæði í mönnum, hjá ýmsum dýrategundum og í umhverfinu. Um helmingur manna bera Stafýlókokkus aureus bakteríuna í nefinu án þess að finna fyrir neinum einkennum. Mósar eru, eins og áður hefur komið fram, afbrigði bakteríunnar sem er orðið þolið fyrir ákveðinni gerð sýklalyfja, en ef sýking verður af völdum þeirra er gripið til annarra sýklalyfja sem virka. Bakterían er tilkynningarskyld, þ.e. að lækna og rannsóknastofur sem greina bakteríuna þurfa að tilkynna það til sóttvarnalæknis og veita viðkomandi einstaklingi ráðleggingar um hvað honum beri að gera til að smita ekki aðra. Læknir sem greinir mósa hjá einstaklingi sem vinnur á svínabúi þarf einnig að tilkynna það til Matvælastofnunar, sem fer með eftirlit með svínabúum. Ýmsar stofngerðir mósa hafa ræktast á Íslandi en stofngerð 398 hefur aldrei ræktast. Árið 2015 greindust 55 ný mósatilfelli í heilbrigðisþjónustunni á Íslandi en tilfellum hefur farið hægt fjölgandi ár frá ári.

Heilbrigður einstaklingur sem greinist með stafýlókokka, er í lítilli hættu á að fá alvarlegar sýkingar. Heilbrigður einstaklingur sem ber í sér mósa getur þó í einstaka tilfellum fengið alvarlegar sýkingar sem erfitt er að meðhöndla með hefðbundnum sýklalyfjum.

Ef einstaklingur sem vinnur á svínabúi (einnig dýralæknar og aðrir ráðgjafar) eða aðstandandi hans fær sýkingu eða á að fara í skurðaðgerð er mikilvægt að hann láti vita að hann vinni með lifandi svín. Þetta er til að leitast við að tryggja rétta meðferð.

## Búfjártengdur mósi af stofngerð 398

- Mósi af stofngerð 398 finnst í húsdýrum, einkum svínum, öfugt við aðra mósa sem einkum er að finna í mönnum.
- Einstaklingar sem vinna á svínabúum þar sem mósi af stofngerð 398 er til staðar, eru stöðugt útsettir og geta í 30–80% tilvika orðið berar bakteríunnar (þeir sýklast).
- Mósi af stofngerð 398 veldur afar sjaldan alvarlegum sjúkdómi og smitast sjaldan á milli manna en þó getur heimilisfólk sýklast en það er sjaldgæft.
- Ef svín sýklast af mósa (bakterían er til staðar en veldur ekki sýkingu) bera þau hana á húðinni eða í trýninu. Dýrin veikjast yfirleitt ekki af mósa af stofngerð 398.
- Ef svín á búi eru með mósa, er mikið af bakteríunni í ryki inni á búinu, á öllum yfirborðsflötum og í loftinu.
- Búfjártengdur mósi getur orðið jafn skæður sýkill og Stafýlókokkus aureus og getur valdið sömu sjúkdómseinkennum.

## Markmið leiðbeininganna

- Að draga úr líkum á að mósa berist í svínabú og smiti svínin.
- Að hindra að smit berist milli svína og manna.
- Að draga úr líkum á að mósasmit berist frá svínabúum út í samfélagið.

## Smitgát sem ávallt skal viðhöfð

- Allir einstaklingar sem fara inn á svínabú skulu fylgja ráðleggingum um daglegar smitvarnir í samræmi við reglugerð nr. 1276/2014 um velferð svína.
- Allir sem hafa verið á svínabúum erlendis og/eða í snertingu við svín erlendis skulu ekki fara inn á svínabú hérlendis fyrr en í fyrsta lagi 48 klst. eftir komu til landsins.

- Einstaklingar sem hafa verið í svínabúum erlendis, við störf eða ráðgjöf, þurfa að framvísa nýjum skimunarsýnum fyrir mósa (þ.e. stroksýni sem tekin eru úr nefi og hálsi viðkomandi aðila eftir að viðkomandi hefur síðast verið útsettur) áður en þeir komast í snertingu við íslensk svín. Ef taka þarf nýtt sýni og vinna hefst áður en svarið liggur fyrir skal viðkomandi nota einnota höfuðfat, einnota hanska og skurðstofu-grímu/rykgrímu án útöndunarventils við vinnu á svínabúinu.


### Mikilvægar varúðarreglur

- Skýrar vinnureglur um hreinlæti skulu vera til staðar á öllum búum og viðhafðar af öllum. Skipta skal yfir í hreina skó/stígvél og hrein vinnuföt (sem æskilegast er að séu þvegin daglega eða a.m.k. annan til þriðja hvern dag og eftir þörfum). Fara þarf varlega með tuið til að dreifa ekki úr því óhreinindum og þvo og sótthreinsa hendur áður en farið er inn á svínabúið.
- Skýlt er að farið sé að ákvæðum [Reglugerðar nr. 764/2001](#) um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af líffræðilegum skaðvöldum á vinnustöðum.
- Allir sem koma inn í svínabú þar sem greinst hefur búfjártengdur mósi eiga að fá að vita um það áður en farið er inn á búið.
- Einstaklingar sem vinna á svínabúum þar sem greinst hefur búfjártengdur mósi skulu ekki sinna dýrum á öðrum búum.
- Draga ber úr umferð inn og út af svínabúum eins og unnt er þar sem greinst hefur búfjártengdur mósi.
- Æskilegt er að heimsóknir dýralækna og annarra ráðgjafa á svínabú þar sem búfjártengdur mósi hefur greinst, séu hafðar í lok vinnudags.

### Húsnæði og umhverfi

- Við inngang í svínabúið er æskilegt að hafa vel afmarkað tvöfalt fordyri sem skilur að hreint og óhreint svæði. Fremri hluti þess (sem fyrst er gengið inn í) er „óhrei“ hlutinn. Þar þarf að vera aðstaða til að fara úr og geyma persónulegan fatnað, helst í lokuðum skápum til að draga úr líkum á mengun fatnaðarins, meðan unnið er inni á búinu.
- Á mótum óhreina og hreina hlutans þarf að vera handlaug til að þvo hendur, einnota handþurrkur og handspritt.
- Í hreina hluta fordyrisins þarf að vera lager af hreinum vinnufatnaði og hlífðarbúnaði sem gæti þurft að grípa til (einnota hanskar, rykgrímur, húfur og hlífðarsloppar).
- Samkvæmt [reglugerð nr. 1276/2014](#) um velferð svína skal vera aðstaða til að þrifa fótabúnað við innganga í svínabú. Æskilegt er að hafa slíka aðstöðu í fordyrinu ásamt þvottavél og þurrkara til að þvo margnota vinnufatnað.
- Gólf, veggir, loft, innréttingar og búnaður á svínabúum skulu gerð þannig að auðvelt sé að þrifa og sótthreinsa (sbr. [reglugerð nr. 1276/2014](#) um velferð svína) og það þarf að gera reglubundið.
- Önnur dýr s.s. nagdýr, skordýr, flugur, hundar og kettir, ættu ekki að komast inn í svínabúið“.
- Gæta skal að hreinlæti og þrifum við móttöku og afhendingu svína.
- Gæta skal að hreinlæti og smitvörnum við móttöku á fóðri og öðrum aðföngum.
- Halda ber fóður- og brynningarbúnaði hreinum og smithættu af honum í lágmarki.

## Fordyri og notkun þess



Heimild: [SEGES Videncenter for Svineproduktion](https://www.segesvidencenter.com/)

## Leiðbeiningar fyrir starfsmenn

### Áður en farið er inn á svínabúið

- Æskilegast er að gengið sé inn á búið um þar til gert anddyri (helst tvöfalt fordyri) sem er skipt í óhreinan og hreinan hluta. Í óhreina hluta fordyrisins séu skápar til að geyma persónulegan fatnað þeirra sem eru inni á búinu. Æskilegt er að aðstaða sé til að fara í sturtu og til að þvo vinnufatnað, vinnuskó auk góðrar handþvottastöðu.
- Úti-/einkafatnað, þar með taldir skór, á að hengja upp á óhreina svæðinu, helst í þar til gerða skápa.
- Hendur ber að þvo vandlega með vatni og sápu og þurrka vel með pappírspurrkum.
- Klæðist hreinum hlífðar-/vinnufatnaði og vinnuskóm/stígvélum svínabúsins á hreina svæðinu. Vinnufatnaðurinn er aðeins notaður innan viðkomandi bús og ekki farið út af búinu í honum.
- Ef hlífðar-/vinnufatnaður eða vinnuskór/stígvél er ekki til staðar, ber að nota einnota klæðnað.
- Á þeim svínabúum þar sem mósi hefur greinst skal nota einnota höfuðfat, einnota hanska og einnota rykgrímu með útöndunarventli. Rykgríma með útöndunarventli ver menn gegn smiti frá dýrunum. Skurðstofu-/rykgríma án útöndunarventils verndar dýrin gegn smiti frá mönnum. Sjá nánar í [reglugerð 764/2001](#) um verndun starfsmanna gegn líffræðilegum skaðvöldum.
- Ef nota þarf grímu við störf þarf að skipta um hana þegar hún er orðin rök og henda í sorppoka. Sótthreinsa hendur (með handspritti) eftir að skipt er um grímu.

### Þegar farið er út af svínabúinu

- Farið úr hlífðar-/vinnufatnaði og vinnuskóm/stígvélum á hreina svæðinu í fordyrinu. Æskilegt er að þar sé þvottavél og önnur aðstaða til að þrifa búnaðinn ef hann er margnota.
- Hendur ber að þvo vandlega með vatni og sápu og þurrka vel með pappírspurrkum. Sótthreinsa hendur með handspritti.
- Æskilegt er að fara í sturtu, ef aðstaða er til þess.
- Farið í eigin fatnað og skó á óhreina svæðinu í fordyrinu.

### Þvottur og hreinsun svínabús og búnaðar

- Allan vinnufatnað á að þvo reglubundið á sjálfu svínabúinu, helst við 60°C.
- Svínabúið ætti að þrifa vandlega og reglubundið með vatni og sápu.
- Þægilegt er að nota einnota hlífðarbúnað sem er hent að notkun lokinni.
- Búnað, sem notaður er á fleiri en einu svínabúi, verður að þvo og sótthreinsa á milli búa.



## Starfsmenn og ráðgjafar frá útlöndum

### Starfsfólk sem hefur unnið á svínabúum erlendis og hyggst ráða sig til starfa á íslenskt bú

- Ráðgjafar, dýralæknar og einstaklingar sem hafa verið á svínabúum erlendis og/eða í snertingu við svín erlendis og óska eftir að gerast starfsmenn á svínabúi, skulu ekki fara inn á svínabú hérlendis fyrr en í fyrsta lagi 48 klst. eftir komu til landsins í samræmi við [reglugerð nr. 1276/2014](#) um velferð svína.
- Einstaklingur, hvort heldur sem er dýralæknir, ráðgjafi eða fastur starfsmaður, sem unnið hefur á svínabúi erlendis undanfarna 6 mánuði ætti að skila yfirmönnum svínabúsins mósasýnum áður en hann fer inn á búið eða hefur störf. Trúnaðarlæknir viðkomandi svínabús eða heilsugæslustöð á svæðinu annast töku og utanumhald sýnatökunnar.
- Ef viðkomandi reynist vera mósaberi, þ.e. sýnatakan er jákvæð, þarf að fylgja [tilmælum sóttvarnalæknis](#) um viðbrögð, einkum hvað varðar að meta tengsl við heilbrigðisþjónustuna.

### Ráðleggingar um sýnatökur

#### Sýnataka

- Mælt er með að tekin séu mósasýni:
  - ❖ Frá þeim sem starfað hafa á erlendum svínabúum sl. 6 mánuði.
  - ❖ Frá þeim sem legið hafa á sjúkrahúsi erlendis sl. 6 mánuði.
- Ef þörf er á sýnatöku frá starfsmanni í mósaleit skal hafa samband við trúnaðarlækni eða heilsugæslustöð á viðkomandi svæði sem annast framkvæmd hennar skv. tilmælum sóttvarnalæknis.
- Sýnatakan felst í því að tekin eru stök úr nösnum og hálsi. Niðurstaðan liggur fyrir eftir 3–4 daga við hefðbundna leit. Hægt er að fá svarið samdægurs frá sýkladeild Landspítala ef sýnin eru tekin á þar til gerða pinna (e-swab pinna) og sett í Bdmax tæki á sýkladeild spítalans, en það er sjálfvirk PCR tæki.
- Svínabú bera kostnað af sýnatökum við mósaskimun meðal fastra starfsmanna því mósastrokin teljast hluti af sóttvörnum viðkomandi bús. Verktakar, s.s. dýralæknar, ráðgjafar og aðrir sem eru utanaðkomandi eiga að greiða sjálfir fyrir sýnatöku nema að um annað sé samið.

#### Sýnataka á búi þar sem mósi greinist

- Stök úr nefi og hálsi eru tekin hjá öllum starfsmönnum búsins til mósaleitar.
- Stök eru tekin úr svínum til mósaleitar.
- Ef einn eða fleiri einstaklingar greinast jákvæðir þarf læknir að meta hvort upprætingameðferð eigi að fara fram til að losa þá við bakteríuna.
- Samhliða sýnatökum er svínabúið hreinsað hátt og lágt með vatni og sápu og sótt-hreinsað í kjölfarið. Það hefur lítinn tilgang að setja starfsmann, sem greinist með mósa, í upprætingameðferð nema að búið sem hann vinnur á sé sótthreinsað og það laust við bakteríuna þegar starfsmaðurinn snýr aftur til vinnu.

## Sýnataka og eftirfylgni einstaklinga sem greinast með búfjártengdan mósa

- Starfsmönnum svínabúa sem greinast með búfjártengdan mósa er boðin upprættinga-meðferð til að losa þá við bakteríuna. Læknir stjórnar meðferðinni.
- Meðferðin tekur viku. Tekin eru þrjú sett af stroksýnum frá starfsmanninum í mósaleit (eftir 1 viku, 2 vikur og 3 vikur) eftir að meðferðinni lýkur og þurfa þau öll að vera neikvæð til að meðferðin teljist hafa tekist. Einnig er ráðlagt að taka stroksýni eftir 3 vikur, 6 vikur og 12 mánuði.
- Þeir sem greinast með búfjártengdan mósa mega hafa eðlileg samskipti við aðra og fara til vinnu, börn geta farið í skólann og leikskóla eins og áður.
- Starfsmenn á svínabúum búfjártengdan mósa þurfa að fylgja sérstökum vinnureglum ef þeir eru að vinna inni á búinu til að forðast að smita svínin af mósanum. Nauðsynlegt er að þeir noti viðeigandi hlífðarbúnað við störf; einnota rykgrímu án útöndunarventils, einnota hanska og höfuðfat) og sótthreinsa hendur reglulega til að draga úr líkum á að mósinn dreifist.
- Starfsmenn eiga að fara í sturtu og þvo bæði hár og líkama áður en störf hefjast.
- Starfsmenn eiga að þvo og sótthreinsa hendur með handspritti í hvert sinn sem þeir fara inn á svínabúið.
- Einstaklingar sem smitast af búfjártengdum mósa þurfa að láta vita af því ef þeir nýta sér þjónustu heilbrigðiskerfisins til að hægt sé að gera viðeigandi varúðarráðstafanir.

## Ef óskað er eftir að skimað sé fyrir mósa á svínabúi

- Ef svínabónda eða rekstrarstjóra svínabús grunar að búfjártengdur mósi sé til staðar á svínabúinu eða vill fá úr því skorið er honum bent á að hafa samband við Matvælastofnun í síma 530-4800 eða netfang [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is) og fá þar ráðleggingar.
- Ef óskað er eftir að láta taka skimunarpróf hjá starfsfólki eða sérfræðingi erlendis frá, ætti trúnaðarlæknir svínabúsins eða viðkomandi heilsugæslustöð að annast slíkt. Úrvinnsla hvers hefðbundins stroksýnis í mósagreiningu kostar 1.430 kr. (febrúar 2016) og liggur niðurstaðan fyrir eftir 3–4 daga. Hægt er að fá svarið samdægurs frá sýkladeild Landspítala gegn hærra gjaldi ef sýnin eru tekin á þar til gerða pinna (e-swab pinna) og sett í Bdmax tæki á sýkladeild spítalans, en það er sjálfvirkt PCR tæki.
- Mælt er með að Matvælastofnun standi fyrir reglulegu eftirliti með svínabúum.

## Lög og reglugerðir

- ❖ [Reglugerð nr. 1276/2014](#) um velferð svína
- ❖ [Sóttvarnalög nr. 19/1997](#)
- ❖ [Reglugerð nr. 941/2002](#) um hollustuhætti
- ❖ [Reglugerð nr. 764/2001](#) um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum líffræðilegra skaðvalda á vinnustöðum

## Nánari upplýsingar um mósa

Matvælastofnun: [www.mast.is](http://www.mast.is)

Embætti landlæknis: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

## Heimildir

1. Cuny, C., Wieler, L.H., Witte, W.: Livestock-Associated MRSA: The Impact on Humans *Antibiotics* 2015, 4, 521-543; doi:10.3390/antibiotics4040521.
2. Folkehelseinstituttet og Mattilsynet, 2015: Informasjon om testing for MRSA av personer i kontakt med svinebesetninger.  
<http://www.fhi.no/dokumenter/16ec594e6e.pdf>
3. Helse- og omsorgsdepartementet, 2015: Bekjempelse av LA-MRSA – oppfølging av personer som arbeider i svinebesetninger  
<https://www.regjeringen.no/no/dokumenter/rundskriv-l-2-15/id2400221/>
4. Hjördís Harðardóttir. (2016, 18. febrúar), sýklafræðingur á Sýklafræðideild Landspítala. Upplýsingar úr samtali um mósaræktanir á Íslandi.
5. Köck, R., Becker, K., Cookson, B., van Gemert-Pijnen, J.E., Harbarth, S., Kluytmans, J., Mielke, M., Peters, G., Skov, R.L., Struelens, M.J., Tacconelli, E., Navarro Torné, A., Witte, W., Friedrich, A.W.. Methicillin-resistant *Staphylococcus aureus* (MRSA): burden of disease and control challenges in Europe. *Euro Surveill.* 2010;15(41):pii=19688  
<http://www.eurosurveillance.org/images/dynamic/EE/V15N41/art19688.pdf>
6. Matvælastofnun, 2014: Norrænn fundur um sýklalyfjapól. Sótt í febrúar 2016 af  
<http://www.mast.is/frettaflokkar/frett/2014/11/17/Norraenn-fundur-um-syklalyfjathol/>
7. SEGES, Videncenter for svineproduktion. (2015). Skriflegt leyfi til notkunar teikningar á teikningu veitt 6. október 2015. Korrekt brug af forrum  
<http://vsp.lf.dk/Aktuelt/MRSA%20facts/Forrum.aspx> í október 2015.  
[http://vsp.lf.dk/Om\\_os/Copyright.aspx](http://vsp.lf.dk/Om_os/Copyright.aspx)
8. Smith, A., Christie, P., Stari, T., Kavanagh, K., Robertson, C., Reilly, J., Gould, I., MacKenzie, F., Masterton, R.: Health Protection Scotland, National Services Scotland, NHS Scotland MRSA Screening; The Value of Nasal Swabbing versus Full Body Screening or Clinical Risk Assessment to Detect MRSA Colonisation at Admission to Hospital, 2011, Health Protection Scotland [Report]  
<http://www.documents.hps.scot.nhs.uk/hai/mrsa-screening/pathfinder-programme/mrsa-pathfinder-admissions-2011-02-23.pdf>
9. Sundhedsstyrelsen, 2010: Information om MRSA af svine type  
<https://sundhedsstyrelsen.dk/da/sygdom-og-behandling/smitsomme-sygdomme/mrsa/~media/12419BC6E78D4B1D90C1E99AEA3EE470.ashx>
10. Sundhedsstyrelsen, 2012: Vejledning om forebyggelse af spredning af MRSA  
<https://sundhedsstyrelsen.dk/~media/D0D4651B2BD942ABBC08CBF48DB0EE3D.ashx>.